

STJÓRNARTÍÐINDI B 70 – 1990

15. nóvember 1990

1213

Nr. 448

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Akraneskaupstaðar og fundarskóp bæjarstjórnar, nr. 279/1988.

1. gr.

3. tölul. C liðar í 58. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Framkvæmdanefnd atvinnumála. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum sérstaklega er varðar nýjar atvinnugreinar. Nefndin tilnefnir þrjá fulltrúa í stjórnarnefnd vinnumiðlunar, sbr. lög nr. 18/1985. Hlutverk stjórnarnefndar vinnumiðlunar er að hafa umsjón með starfi vinnumiðlunar og vera vettvangur samráðs og skoðanaskipta milli bæjarstjórnar og aðila vinnumarkaðarins. Þá skal nefndin, eftir því sem tilefni gefast til, gera tillögur til bæjarstjórnar og annarra opinberra aðila um aðgerðir til styrktar eða eflingar atvinnulífi í sveitarfélaginu. Framkvæmdanefnd atvinnumála fer með stjórn Atvinnuþróunarsjóðs Akraness, sbr. reglugerð þar að lútandi.

2. gr.

12. tölul. C liðar í 58. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Skólanefnd Tónlistarskóla Akraness. Tveir aðalfulltrúar og tveir til vara, skv. skipulagskrá fyrir skólann frá því í september 1989.

3. gr.

14. tölul. C liðar í 58. gr. samþykktarinnar falli brott og töluliðir greinarinnar, sem á eftir koma, breytist til samræmis við það.

4. gr.

28. tölul. (áður 29. tölul.) C liðar í 58. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Húsnæðisnefnd. Þrír aðalmenn og þrír til vara, skv. 56. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 86/1988, sbr. lög nr. 70/1990.

5. gr.

36. töluliður C liðar í 58. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Húsfriðunarnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Húsfriðunarnefnd er bæjarstjórn og byggingarnefnd til ráðuneytis um verndun húsa sem á að breyta eða rífa.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur gert, staðfestist hér með samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. nóvember 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Pórhildur Líndal.